

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 257/1989. **Bjarni Valdimarsson**  
(Hilmar Ingimundarson hrl.)  
gegn

**Guðrúnu Jónsdóttur**  
(Svala Thorlacius hrl.),

**Hilmi hf.**  
(Skúli Pálsson hrl.) og

**Friðjóni Guðröðarsyni, sýslumanni**  
**Rangárvallasýslu.**

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Uppboð til slita á sameign. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1989 uppboði, sem fram fór í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 10. maí 1989 „til slita á sameign á jörðinni Leirubakka, Landsveit“. Krefst hann þess, að uppboðið og öll málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Guðrún Jónsdóttir og Hilmir hf. krefjast þess, að kröfu áfrýjanda verði hrundið og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Friðjón Guðröðarson hefur sent Hæstarétti greinargerð, en engar kröfur gert.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar hefur málið eingöngu verið flutt um formhlið, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

### **I.**

Áfrýjandi og stefnda Guðrún voru í hjúskap og bjuggu á jörðinni Leirubakka í Landsveit í Rangárvallasýslu. Jörð þessi er þinglesin eign áfrýjanda samkvæmt afsali 25. nóvember 1970. Í skilnaðarmáli hjónanna óskaði stefnda Guðrún eftir uppboði á jörðinni til slita á sameign. Var uppboðsmál vegna þeirrar beiðni þingfest í uppboðs-

réttri Rangárvallasýslu 11. janúar 1989 að undangengnum auglýsingum í Lögbirtingablaði. Fyrsta uppboð á jörðinni fór fram 9. febrúar 1989, en hið þriðja og síðasta 10. maí sama ár. Var jörðin slegin stefnda Hilmi hf. á því uppboði, en um það snýst mál þetta.

## II.

Í 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru taldar upp þær tegundir uppboða, sem lögin taka til. Þar er ekki getið uppboðs til slita á sameign. Þrátt fyrir það verður að líta svo á, að beita beri ákvæðum laganna um slík uppboð, eftir því sem við getur átt, til tryggingar hagsmunum uppboðsþolenda, enda nýtur ekki annarra lagareglna í því efni, en auk þess er við áratugalanga dómhefð að styðjast, sbr. og dóm Hæstaréttar frá 1952, bls. 162.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er áfrýjunarfrestur fjórar vikur frá lokum dómsathafnar, en dómsmálaráðherra getur veitt áfrýjunarleyfi næstu þrjá mánuði að liðnum þeim fresti, ef sérstaklega stendur á. Þessir frestir eru mun styttri en lögboðnir frestir í 20. gr. laga nr. 75/1973.

Ef annar áfrýjunarfrestur gildi um uppboð af því tagi, sem mál þetta fjallar um, en uppboð þau, sem upp eru talin í 1. gr. laga nr. 57/1949, myndi það leiða til ósamræmis. Verður og eigi séð, að gild rök séu til þess, að mismunandi reglur um áfrýjunarfrest gildi fyrir umrædda flokka uppboðsmála.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að skýra 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 svo, að ákvæði hennar um áfrýjunarfrest eigi við í máli þessu. Samkvæmt því var lögmaeltur áfrýjunarfrestur liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út tæpum sjö vikum eftir, að hið áfrýjaða uppboð fór fram. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

## S é r a t k v æ ð i

### Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Uppboð til slita á sameign eru ekki nauðungaruppboð samkvæmt hefðbundnum skilningi, þótt þau reynist oft þrautalending í skipt-

um sameigenda. Heimildir til uppboðs eru af öðrum toga og tíðum umdeilanlegri en við uppboð til fullnustu á skuldakröfum og réttaráhrif uppboðsins önnur. Þegar lög nr. 57/1949 voru sett sem heildarlög um nauðungaruppboð, var gildissvið þeirra markað þannig, að þau tækju ekki til þessara uppboða. Meðal annars er tekið fram í d-lið 1. tölul. 1. gr. laganna, að því er félagseign varðar, að lögin taki aðeins til uppboða vegna skiptameðferðar á búum, þar sem enginn beri ábyrgð á skuldum. Eigi að síður hefur verið litið svo á, að beita megi ákvæðum laganna um uppboð til sameignarslita, eftir því sem við geti átt. Er þetta ótvírætt, þar sem lögjöfnun á við, eins og lýst er í atkvæði Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara í málinu H.1952,162. Í því máli reyndi á hið sama og hér er til umfjöllunar, þ.e., hvort ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um áfrýjunarfrest ættu við um uppboð til sameignarslita. Sú niðurstaða réttarins, að svo væri, var ekki einróma, en litið hefur verið til hennar sem fordæmis á þeim langa tíma, sem síðan er liðinn. Tel ég rétt að fylgja því fordæmi í máli þessu og er því samþykkur niðurstöðu annarra dómenda.

---